

Reifun á úrskurði nr. 3/2017 – Tollflokkun Mercedes Benz Sprinter bifreiðar

Kærð var til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra dags. 3. nóvember 2016 um tollflokkun á bifreiðinni Mercedes Benz Sprinter 316 CDI. Kærandi mótmælir því að bifreiðin skuli flokkast sem fólksbíll eftir losun koltvísýrings í tollskrárnúmer 8703.3230. Um sé að ræða sendibifreið sem skuli flokkast í tollskrárnúmer 8704.2199.

Niðurstaða: Bifreiðin er þannig útbúin að hún getur flutt einn ökumann og sex farþega. Einnig er rúmt vöruflutningarárými sem er sambyggt stýrishúsinu en aðskilið með varanlegu skilrúmi fyrir aftan fjögurra manna sætisröð sem er fyrir aftan ökumann og tvö sæti eru við hlið ökumanns. Ekki er skilrúm fyrir aftan ökumann. Farþegarýmið er um 230 cm langt og vöruflutningarárýmið er um 170 cm langt. Þá er burðargeta bifreiðarinnar um 1.242 kg. Tollstjóri telur ljóst að bifreiðin er ætluð til að ferja bæði farþega og varning. Bifreiðin gæti til að mynda hentað til að flytja vinnuhópa ásamt verkfærum og farangri þeirra til vinnu.

Til skoðunar á tollflokkun umræddrar bifreiðar koma til greina tveir vöruliðir, þ.e. nr. 8703 þar sem fólksflutningabifreiðar falla undir, og nr. 8704, þar sem vöruflutningabifreiðar flokkast. Kærandi fer fram á að bifreiðin sé tollflokkuð sem sendibifreið í vörulið 8704, nánar tiltekið í tollskrárnúmer 8704.2199.

Í skýringabókum alþjóðatollastofnunarinnar er að finna fimm atriði sem gefa til kynna hvort bifreið sé sendibifreið eða bifreið aðallega gerð til mannflutninga. Bifreið kæranda uppfyllti 4 af 5 skilyrðum fyrir því að teljast vera aðallega gerð til mannflutninga og flokkast því í tollskrárnúmer 8703. Var hin kærða ákvörðun staðfest.